Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2008

Í FAÐMI SVIPTIVINDA

Útgefandi: Samtök fjármálafyrirtækja
Hönnun og umbrot: Skaparinn auglýsingastofa
Ljósmyndir: Guðmundur Geir Ludwigsson
Prentun: Oddi

Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2008

Í FAÐMI SVIPTIVINDA

Gefið út í apríl 2008

SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Efnisyfirlit

Framtíðaratvinnugrein á traustum grunni 5

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra SFF

Starfsumhverfi fjármálafyrirtækja 8

Útrásin jákvæð fyrir þjóðarbúið | Stórauknar skatttekjur ríkissjóðs | Vaxtakjör versna og bankarnir hagræða | Verð færist nær verði annarra norræna banka | Íbúðalánasjóður brenglar myndina | Ríkið í óréttmætri samkeppni við fyrirtæki á markaði

Traustar stoðir íslenskra fjármálafyrirtækja 16

Fjárhagslegur styrkur íslenskra fjármálafyrirtækja | Sterk eigin-fjárstaða í ólgusjó | Þurfa ekki nýtt fjármagn á markaði fyrr en að ári | Arðsemi langt yfir markmiðum | Tekjur að meirihluta að utan og útlánaáhætta dreifð | Vanskil í sögulegu lágmarki

Rétt brugðist við aðstæðum 22

Ísland er ekki eyland í alþjóðlegu fjármálaumhverfi | Bankakreppan 2006 | Óvægin gagnrýni að utan | Miklar framfarir í upplýsingagjöf | Sótt inn á erlenda lánamarkaði | Heildarinnlánshlutföll hagstæð í samanburði við norræna banka | Áhersla á föst innlán til lengri tíma | Stoðirnar styrktar – hvað næst? | Íslenskur fjármálamarkaður kynntur fyrir erlendum fjárfestum | Nýjar fjármögnunarleiðir nýttar | Samruni sparisjóða hluti af eðlilegri þróun | Tryggingafélög leggja áherslu á kjarnastarfsemi

Fjármálastarfsemi í fremstu röð 30

Smáríki Evrópu láta til sín taka á fjármálasviðinu | Fjármálageirinn hornsteinn heimilanna | Ísland sem fjármálamiðstöð | Svisslendingar endurskoða umgjörð sína

Fjármálafyrirtækin og neytendur 34

Hátt þjónustustig | Nýsköpun og forvarnir í tryggingageira | Kortum fjölgar og velta eykst | Öruggur viðskiptamáti | Rafræn skilríki | „Þrjár ferðir í bankann til að stofna reikning" | „Þjónustugjöldin hærri í Svíþjóð" | „Mun minni skriffinnska hér á landi" | „Útibússtjórinn þekkti mig ekki" | SFF í þágu samfélagsins

Framtíðaratvinnugrein á traustum grunni

Fjármálageirinn á Íslandi hefur vaxið meira en nokkur önnur atvinnugrein hér á landi undanfarin áratug og í honum felast mikil tækifæri. Í fjármálafyrirtækjum starfar vel menntað fólk, helmingur skatttekna ríkissjóðs frá lögaðilum er frá fjármálageiranum, fyrirtæki í fjármálageira hafa tekið virkari þátt í menningarmálum á Íslandi en þekkst hefur hér á landi, en ekki síst hefur aukinn styrkur greinarinnar rutt braut fyrir vöxt og viðgang fjölda íslenskra fyrirtækja á innlendum sem erlendum vettvangi.

Siglt í ólgusjó

Eftir nokkuð langvinnt vaxtarskeið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum tók umhverfi fjármálafyrirtækja skyndilegum breytingum á síðasta ári. Óvönduð útlán til húsnæðiskaupa í Bandaríkjunum settu fjármálakerfi heimsins í vanda og hafa íslensk fjármálafyrirtæki ekki farið varhluta af þeim hræringum sem einkennt hafa alþjóðlega fjármálamarkaði í kjölfarið. Seðlabankar í Bandaríkjunum og Evrópu hafa brugðist við, aukið lausafé í umferð og komið þannig í veg fyrir kollsteypu. Eftir stendur að aðgangur banka og þar með almennings að lánsfé er ekki sá sami og fyrir ári.

Áhrifa þessarar ólgu mun gæta á komandi árum. Ein afleiðing verður vafalítið sú að gerð verður krafa um aukið gagnsæi í viðskiptum með flóknari fjármálagerninga. Einnig má gera ráð fyrir að fjármálaeftirlit víðs vegar um heiminn auki enn frekar samstarf sitt. Þá er í umræðunni að setja stífari reglur um vogunarsjóði og önnur félög sem ekki hafa talist eiginleg fjármálafyrirtæki í lagalegum skilningi og því spilað nokkuð frítt hingað til.

Raunverulegur styrkur

Hið svokallaða skuldatryggingarálag íslenskra banka, sem er viss mælikvarði á fjármögnunarkostnað, er nú margfalt hærra en keppinauta þeirra erlendis, þó þróunin hafi almennt verið neikvæð alþjóðlega. Þær raddir gerast nú háværari meðal erlendra og innlendra greiningaraðila að álagið sé alltof hátt og áhætta sem tengist íslensku bönkunum sé ofmetin. Álagspróf Fjármálaeftirlitsins og alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody´s sýna svo ekki verður um villst að íslensk fjármálafyrirtæki standa traustum fótum.



Stjórnvöld og fjármálageiri þurfa að vinna saman

Á síðastliðnu starfsári hefur farið fram töluverð umræða um starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á fyrirtæki sýna framsýni og skilning yfirvalda á mikilvægi þess að skapa íslensku atvinnulífi samkeppnishæft starfsumhverfi. Annar mikilvægur þáttur í þessu sambandi er staða krónunnar og uppgjör fjármálafyrirtækja í erlendri mynt.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa ekki tekið formlega afstöðu til aðildar Íslands að Evrópusambandinu enda er það pólitískt úrlausnarefni. SFF telja hins vegar engan vafa á að tækifærin í fjármálageiranum verða ekki nýtt nema íslensk fjármálafyrirtæki verði hluti af stærra myntsvæði.

SFF hafa frá stofnun átt góð samskipti við stjórnvöld. Tímabært er að formfesta þau samskipti til framtíðar. SFF hafa lagt áherslu á að til sé samstarfsvettvangur stjórnvalda og fjármálamarkaðar þar sem á hverjum tíma væri vegið og metið hvað sé hægt að gera til að styrkja grundvöll fjármálastarfsemi í landinu enn frekar. Með hliðsjón af reynslu annarra þjóða næst enginn árangur í þeim efnum nema með náinni samvinnu ríkisstjórnar, Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og fjármálamarkaðar. SFF, sem sameiginlegur vettvangur fjármálamarkaðar á Íslandi, lýsa sig reiðubúin í að leiða það brýna verkefni.

Lárus Welding, formaður SFF

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SFF

Heiðlóa
Vorboðinn ljúfi sem ber með sér birtu og yl.
Flýgur með hægum, djúpum vængjatökum og syngur um leið.

Starfsumhverfi fjármálafyrirtækja

Útrásin jákvæð fyrir þjóðarbúið

Í kjölfar útrásar íslenskra fjármálafyrirtækja á erlenda markaði í upphafi 21. aldarinnar hefur vöxtur fjármálaþjónustu verið langt umfram heildarvöxt annarra íslenskra atvinnugreina 2000-2007 samkvæmt magnvísitölu vergra þáttatekna. Framlag fjármálaþjónustu til hagvaxtar er umtalsvert og hefur hlutdeild hennar í landsframleiðslu aukist úr 6% árið 2001 í 10% árið 2006. Í ljósi þess að fjármálageirinn óx umfram aðrar atvinnugreinar á árinu 2007 má gera ráð fyrir að þetta hlutfall hafi hækkað enn frekar.



Magnvísitala vergra þáttatekna sýnir hagvöxt samkvæmt framleiðsluuppgjöri skipt niður á atvinnugreinar. Vísitalan sýnir að framlag fjármálaþjónustu til landsframleiðslu hefur nánast tvöfaldast 2000-2006.

Undanfarin þrjú ár hefur fjöldi starfseininga íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis, sem telur fjölda dótturfélaga, útibúa og umboðsskrifstofa, meira en tvöfaldast úr 26 starfseiningum 2005 í 60 starfseiningar í árslok 2007. Einnig hefur fjöldi erlendra ríkja þar sem íslensk fjármálafyrirtæki eru með starfsemi aukist úr 12 í 23. Árið 2007 náðu viðskipti fjármálafyrirtækjanna vítt og breitt um Evrópu og Skandinavíu ásamt starfsemi í N-Ameríku, Asíu og Mið-Austurlöndum.

> ”Íslensk fjármálafyrirtæki eru nú með 60 starfseiningar utan Íslands og starfsemi þeirra teygir sig til 23 erlendra ríkja.“

Stórauknar skatttekjur ríkissjóðs

Greiðslur íslenskra fjármálafyrirtækja til samneyslunnar hafa aukist í takt við vöxt þeirra erlendis. Frá 2004 hefur hlutdeild fjármálafyrirtækja í álögðum tekjuskatti fyrirtækja aukist úr um 2 milljörðum króna eða 15% árið 2004 í um 18 milljarða króna eða 43% árið 2006. Verðmætasköpun fjármálafyrirtækjanna veitir því mikilvægt framlag í sameiginlega sjóði landsmanna sem njóta góðs af vaxandi starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis.

> Íslensku bankarnir hafa nær alfarið haldið sig frá skuldabréfavafningum og þeim flóknu fjármálagerningum sem helst eiga sök á lausafjárkreppunni.

Hlutfall af álögðum tekjuskatti fyrirtækja 2004-2007



Hlutfall af álögðum tekjuskatti á fjármálaþjónustu og vátryggingar hefur aukist úr 15% af heildar álagningu tekjuskatts í 43% milli áranna 2004 og 2007.

Vaxtakjör versna og bankarnir hagræða

Sumarið 2007 hófst þróun á erlendum fjármálamörkuðum sem ekki sér fyrir endann á. Afleiðinga lausafjárkreppunnar, sem rekja má til viðskipta með skuldabréfavafninga tengda svonefndum undirmálslánum í Bandaríkjunum, tók fljótt að gæta hjá innlendum fjármálafyrirtækjum. Orsakasamhengið var þó ekki beint, þar sem íslensku bankarnir höfðu nær alfarið haldið sig frá skuldabréfavafningum og þeim flóknu fjármálagerningum sem helst áttu sök á því að kreppan skall á. Vaxtaálag íslensku bankanna hækkaði strax um sumarið, samhliða álagi annarra evrópskra banka. Áhyggjur af undirmálslánum komu aftur fram af fullum þunga í október þegar margir af helstu bönkum heims tilkynntu að þeir bæru meiri vanskilaáhættu vegna skuldabréfavafninga en áður hafði verið tilkynnt eða áætlað. Vaxandi áhyggjur af umfangi þessara vandamála leiddu til hækkunar erlendra millibankavaxta og lánsfjárþurrðar. Vaxtaálag íslensku bankanna hækkaði í kjölfarið langt umfram það sem áður hafði verið talið mögulegt.

Á undanförum árum hefur íslenskum bönkum tekist að auka mjög fjölbreytni í fjármögnun, bæði hvað varðar landfræðilega dreifingu og tegund fjármögnunar. Aukin áhersla á innlán, sérstaklega í erlendum starfsstöðvum, skilaði góðum árangri á árinu 2007 og styrkti mjög lausafjárstöðu bankanna. Bankarnir voru því vel í stakk búnir til að takast á við erfiðleika á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Lánsfjárþörf þeirra var takmörkuð miðað við óbreytta starfsemi en fljótt varð ljóst að lök fjármögnunarkjör myndu draga verulega úr möguleikum til frekari vaxtar, sérstaklega erlendis.

Erlend starfsemi íslenskra banka



Milli áranna 2005 og 2007 hefur fjöldi starfseininga erlendis aukist úr 26 í 60 og fjöldi erlendra ríkja þar sem starfsemi er stunduð aukist úr 12 í 23.

Skipting landsframleiðslu 2001



Skipting landsframleiðslu 2006*



*Bráðabirgðatölur

Hlutfall starfsemi fjármálafyrirtækja af landsframleiðslu hefur aukist úr 6% í 10% milli 2001 og 2006.

Arðsemi bankanna var almennt góð á árinu 2007, þótt hún væri lakari en árið 2006. Á seinni hluta ársins gætti neikvæðra áhrifa í gengishagnaði af skuldabréfum og hlutabréfum, sem hafði verið nokkuð stór þáttur í hagnaði bankanna á uppgangstímum. Afkoma af grunnrekstri var hins vegar með besta móti og kostnaðarhlutföll mjög viðunandi.

Staðan um áramót var að sönnu breytt frá því sem var ári áður. Viðskiptabankarnir þrír höfðu allir búið sig undir töluverðan vöxt í útlánum og þóknunartengdri starfsemi á nýju ári. Erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lök fjármögnunarkjör settu frekari vexti skorður. Við þessar aðstæður var að vonum byrjað að ræða möguleika til hagræðingar innan bankakerfisins. Við kynningu á afkomu ársins 2007 lögðu forstjórar bankanna flestir fram áætlanir um hægari útlánavöxt og lækkun rekstrarkostnaðar. Ákvarðanir um fyrirtækjakaup sem höfðu verið áberandi árin áður urðu nú að bíða betri tíma. Þannig kynnti Kaupþing fyrir ársuppgjör sitt að bankinn hefði fallið frá kaupum á hollenska bankanum NIBC, sem kynnt höfðu verið í ágúst 2007. Það var án efa farsælt skref fyrir íslenskan fjármálamarkað í ljósi aðstæðna.

> Gengi hlutabréfa í íslensku viðskiptabönkunum hefur hækkað umtalsvert meira en í nágrannalöndunum undanfarin ár.

Verð færist nær verði annarra norrænna banka

Framanaf árinu 2007 var mikill uppgangur á verði hlutabréfa á Íslandi og viðskiptabankarnir, sem vega um 80% af úrvalsvísitölu Kauphallarinnar, fóru ekki varhluta af hækkuninni. Raunar hefur gengi hlutabréfa í viðskiptabönkunum hækkað mikið undanfarin ár, eða um 30-50% að meðaltali á ári milli 2003 og 2008. Þessi hækkun er umtalsvert meiri en á flestum bönkum í grannlöndunum, enda var vöxtur íslensku bankanna meiri og arðsemi almennt betri á tímabilinu. Hækkanir á bilinu 20-25% að meðaltali á ári hafa raunar verið algengar bæði á Norðurlöndunum og annarstaðar í Evrópu.

Um mitt ár 2007 endurspeglaði verðlagning íslensku bankanna væntingar um áframhaldandi hraðan vöxt og góða arðsemi. Þeir voru dýrari en aðrir norrænir bankar, bæði þegar tekið er mið af bókfærðu virði (V/I hlutfalli) og væntum hagnaði ársins (V/H hlutfalli). Þessi hlutföll mæla annarsvegar hversu

Samanburður – vegin meðaltöl kennitalna



Þróun ársins 2007 sýnir að það dregur saman milli íslenskra banka og norrænna keppinauta hvað verðkennitölur varðar.

mikið fjárfestar eru tilbúnir að greiða fyrir hverja krónu af bókfærðu virði hlutafélags, hinsvegar hversu mikið þeir eru tilbúnir að greiða fyrir hverja krónu hagnaðar. Þá var vegið meðaltal V/I hlutfalls um 2,6 en hlutfall sambærilegra banka á Norðurlöndum var þá um 1,9. Vegið V/H hlutfall íslensku bankanna var þá 11,3 en um 10,6 meðal banka á Norðurlöndum. Íslensku bankarnir röðuðu sér þannig í júlí 2007 í efstu sætin á mælikvarða V/I hlutfalls en aðeins neðar í röðina ef horft er til V/H virðis. Eftir miklar lækkanir á gengi hlutabréfa síðari hluta ársins var staðan um áramót orðin önnur. Nú var verð hlutar í íslensku bönkunum um 80% yfir innra virði að meðaltali en í norrænu bönkunum sem miðað er við hér var sambærilegt gildi um 50%. Þá voru fjárfestar tilbúnir að greiða um tíu krónur fyrir hverja krónu í hagnað árið 2007 og væntan hagnað árið 2008 en fjárfestar í norrænu bönkunum voru tilbúnir að greiða um 9 krónur fyrir hverja krónu í væntan hagnað. Við lok fyrsta ársfjórðungs 2008 hefur enn dregið saman með íslensku bönkunum og þeim norrænu, vegið meðaltal V/I hlutfalls er nú nánast hið sama en fjárfestir í íslensku bönkunum greiðir að meðaltali 8,4 fyrir hverja krónu í væntan hagnað, en meðaltal norrænu bankanna er nær 9 krónum.

”Um áramót var verð hlutar í íslensku bönkunum um 80% yfir innra virði að meðaltali en sambærileg hlutföll hjá helstu norrænu bönkunum er um 50%.“

Meðalvextir íbúðalána bankanna í samanburði við vexti íbúðalánasjóðs sýna að vextir í bankageiranum hafa fylgt betur eftir hækkun vaxtastigs í landinu.



Íbúðalánasjóður brenglar myndina

Tilvist Íbúðalánasjóðs, í þeirri mynd sem nú er, er um margt athyglisverð og vekur upp spurningar. Sérstaklega er tilefni til að velta fyrir sér stöðu og hlutverki sjóðsins í efnahagsumhverfi landsins. Fyrir utan þá spurningu hvort hið opinbera eigi að vera jafn fyrirferðarmikið á húsnæðislánamarkaði og raunin er, hefur hlutverk Íbúðalánasjóðs afleiðingar á hagkerfið sem ná langt út fyrir sjálfan húsnæðislánamarkaðinn. Í lýsingu á hlutverki Íbúðalánasjóðs segir að sjóðurinn skuli leitast við að bjóða sem best kjör á húsnæðislánum og mögulegt er. Markmið Seðlabanka Íslands er hins vegar að stuðla að verðstöðugleika og er markmið hans í þeim efnum að verðbólga skuli vera sem næst 2,5% á ársgrundvelli.

Lánshlutföllum og hámarkslánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs er stjórnað af stjórnvöldum og í tímans rás hafa ákvarðanir um slíkt ekki alltaf fylgt aðstæðum á markaði og stöðu efnahagsmála. Á tímum þegar Seðlabankinn heldur uppi aðhaldssamri peningastefnu er afar óheppilegt að lánareglur Íbúðalánasjóðs séu rýmkaðar, eins og raunin hefur verið. Slíkar aðgerðir vinna gegn peningastefnunni og draga úr henni mátt. Sjóðurinn fjármagnar sig með skuldabréfaútgáfum og getur ákvörðun um það í hvaða skuldabréfaflokkum er boðið út haft veruleg áhrif á útlánavexti sjóðsins. Undanfarin ár hefur sjóðurinn því oftast gefið út skuldabréf í flokkum sem tryggja lægsta útlánavexti sjóðsins, sem gerir það að verkum að Seðlabankinn þarf að hækka stýrivexti meira en ella. Fyrirkomulag Íbúðalánasjóðs eins og það er nú dregur því úr mætti peningastefnu Seðlabankans.

Húsnæðislán eru stór þáttur í fjármálaumhverfi hvers lands og því er mikilvægt að miðlunarferli peningamálastefnunnar virki í gegnum þann lánaflokk. Séu þau kjör sem Íbúðalánasjóður býður upp á hins vegar með þeim hætti að þau vinni gegn markmiði

Seðlabankans er víst að bankinn þarf að beita stýrivöxtum af mun meira afli en ella, en slíkt getur aukið mjög á allar sveiflur. Ísland er lítið opið hagkerfi og fjármagnsflutningar milli landa eru óheftir. Við slíkt fyrirkomulag gjaldeyrismála hefur stíft peningalegt aðhald í för með sér hættu á því að krónan styrkist og ytra ójafnvægi aukist í formi viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar þegar aðhaldssamri peningastefnu er beitt. Þar að auki gera frjálsir fjármagnsflutningar fyrirtækjum og heimilum kleift að beina lántökum sínum að gjaldmiðlum sem bera lægri vexti. Fyrir vikið getur mikil gengisáhætta skapast sem gerir bæði fjármálakerfið og hagkerfið í heild sinni viðkvæmt fyrir straumum á alþjóðlegum mörkuðum. Það má því segja að þrátt fyrir að Íbúðalánasjóði sé ætlað að vera til hagsbóta fyrir heimilin í landinu fylgi því neikvæðar afleiðingar að ekki sé hægt að ganga að því að jafn veigamikill þáttur í miðlun peningamálastefnunnar sé í takti við áherslur hennar hverju sinni. Til að tryggja sem mestan fjármálastöðugleika skiptir miklu máli að reyna eftir fremsta megni að draga úr sveiflum á verðbólgu, gengi og stýrivöxtum þannig að heimili og fyrirtæki sem starfa í landinu geti tekið ákvarðanir um skuldbindingar framtíðarinnar í stöðugu umhverfi.



Ríkið í óréttmætri samkeppni við fyrirtæki á markaði

Hlutverk fjármálakerfisins er að miðla fjármagni á sem skilvirkastan hátt. Samkeppni fjármálafyrirtækja á almennum markaði við lánastofnun sem nýtur ríkisábyrgðar og annarra forréttinda er til þess fallin að draga úr skilvirkni markaðarins. Lánakjör eiga að endurspegla markaðsaðstæður hverju sinni, en ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs skekkir samkeppnisstöðuna á milli sjóðsins og annarra sem bjóða húsnæðislán á markaði.

Ríkisábyrgð gerir það að verkum að sjóðurinn getur fjármagnað útlán sín á betri kjörum en aðrir lánveitendur á húsnæðislánamarkaði sem svo aftur leiðir til þess að til lengri tíma litið eiga markaðsfyrirtæki erfitt með að halda í við útlánakjör sjóðsins. Umfang Íbúðalánasjóðs á markaði dregur einnig úr getu annarra lánveitenda til að gefa út nægilega stóra skuldabréfaflokka til að geta tryggt hagstæða fjármögnun. Þá eykst áhætta almennings í landinu af rekstri sjóðsins á hverju ári, eftir því sem umfang ríkisábyrgðarinnar eykst.

Vera má að ákveðnir þættir í starfsemi Íbúðalánasjóðs eigi ekki heima á almennum markaði, heldur séu betur komnir í höndum hins opinbera. Þar er sérstaklega verið að vísa til félagslegrar aðstoðar, s.s. stuðnings við tekjulægra fólk sem ekki getur notið fyrirgreiðslu í almenna lánakerfinu. Hér á landi sem annars staðar er það stjórnvalda að setja stefnu um slíka aðstoð og framfylgja henni á hverjum tíma.

Starfsemi Íbúðalánasjóðs sætir nú opinberri rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), á grunni kvörtunar Samtaka fjármálafyrirtækja þess efnis að starfsemi sjóðsins feli í sér ólögmætan ríkisstuðning sem brjóti í bága við EES-samninginn. Upphafleg kvörtun samtakanna var lögð fram í apríl 2004.

> Nauðsynlegar breytingar á Íbúðalánasjóði munu senda skýr skilaboð til alþjóðasamfélagsins um getu íslenskra stjórnvalda til að leysa erfið mál.

ESA úrskurðaði í ágúst sama ár gegn sjónarmiðum SFF. EFTA dómstólinn ógilti þann úrskurð í apríl 2006 og sendi málið aftur til ESA, sem opnaði formlega rannsókn í júní 2006 sem enn er í gangi. Það er vont að jafn mikilvægt mál fyrir íslenskt fjármálakerfi dragist svo á langinn. Væntanlega fer að styttast í niðurstöðu ESA en SFF teldu þó farsælast að íslensk stjórnvöld hröðuðu nauðsynlegum breytingum á sjóðnum, í stað þess að bíða. Það mundi senda skýr skilaboð til alþjóðasamfélagsins um getu íslenskra stjórnvalda til að leysa erfið mál.

Haförn
Konungur fuglanna með tilkomumikið vænghaf.
Sést gjarnan svífa á þöndum vængjum yfir land eða haf í leit að bráð.

Traustar stoðir íslenskra fjármálafyrirtækja

Sterk eiginfjárstaða í ólgusjó

Eiginfjárstaða þriggja stærstu bankanna hefur haldist sterk undanfarin misseri og um síðustu áramót stóð hún á bilinu 11-12%, sem stenst vel samanburð við norræna banka hvort sem litið er til eiginfjárhlutfallsins eða eiginfjárþáttar A. Eiginfjárhlutföll bankanna eru því vel yfir 8% lögbundnu lágmarki. Niðurstöður álagsprófs Fjármálaeftirlitsins og Moody´s í febrúar 2008 sýna að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk og þolir veruleg áföll. Bankarnir eru því að þessu leyti vel í stakk búnir til að standa af sér núverandi ólgu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Álagspróf Fjármálaeftirlitsins 2. feb. 2008 sýnir að eiginfjárhlutföll bankanna geta staðið af sér veruleg áföll.

Álagspróf Fjármálaeftirlitsins í febrúar 2008



Eiginfjárhlutföll (CAD) evrópskra banka 2007



„Íslensku bankarnir hafa undanfarin ár lagt aukna áherslu á kjarnastarfsemi og minnkað hlutfall gengismunar í afkomu.“

Þurfa ekki nýtt fjármagn á markaði fyrr en að ári

Lausafjárstaða íslensku bankanna er traust og þeir geta mætt fjárhagslegum skuldbindingum sínum í meira en ár án þess að sækja nýtt fjármagn á markað. Þessi ákjósanlega staða er mikilvæg í ljósi þess að álag á skuldatryggingar bankanna er gríðarlega hátt um þessar mundir. Til viðbótar við þetta svigrúm gagnvart fjármagnsmörkuðum er ljóst að bankarnir hafa fleiri leiðir til að fjármagna sig en með hefðbundinni skuldabréfaútgáfu. Þeir hafa lagt áherslu á að auka hlutfall innlána af útlánum á markaðsvæðum sínum og hvetja viðskiptavini sína til að binda innlán sín til lengri tíma. Einnig hafa þeir svigrúm til að auka hlutafé og gefa út breytanleg skuldabréf sem eigendur geta breytt í hlutabréf í viðkomandi banka að lánstíma loknum. Bankarnir hafa bætt lausafjárstöðu sína enn frekar á fyrstu mánuðum ársins 2008.

Lausafé og endurgreiðslubyrði



Langtímalán sem koma til endurgreiðslu á þessu ári segja til um fjármögnunarþörf bankanna á árinu. Lausafé bankanna í árslok 2007 nægir til að standa straum af endurgreiðslubyrði í meira en ár.

HVAÐ ER SKULDATRYGGINGARÁLAG?

Skuldatryggingarálag eða CDS (Credit Default Swap) virkar svipað og tryggingarsamningur þar sem lánveitanda eins og t.d. banka eða sparisjóði er bætt upp mögulegt tjón ef til vanskila kemur. Ef vextir af skuldabréfi eru 7% og skuldatryggingarálagið 2% fær lánveitandi, þ.e. eigandi skuldabréfssins, 5% (7%-2%=5%) ávöxtun til sín en greiðir 2% til skuldatryggingarsalans. Því lægra sem skuldatryggingarálag lánveitanda er þeim mun minni líkur eru taldar á vanskilum. Hátt skuldatryggingarálag á að endurspegla meiri líkur á vanskilum.

Arðsemi langt yfir markmiðum

Afkoma bankakerfisins árið 2007 var góð í samanburði við aðra norræna banka þrátt fyrir versnandi skilyrði á erlendum fjármálamörkuðum á seinni helmingi síðasta árs. Arðsemi eigin fjár var á bilinu 19-27% sem er vel yfir langtíma arðsemismarkmiðum bankanna. Undanfarið ár hafa bankarnir jafnframt lagt aukna áherslu á kjarnastarfsemi og minnkað hlutfall gengismunar (financial income) í afkomu.

Hagnaður fyrir skatta sem hlutfall af meðalhlutafé 2007



Arðsemi eigin fjár bankanna er sambærileg eða hærri en arðsemi annarra norrænna banka.

Tekjur að meirihluta að utan og útlánaáhætta dreifð

Meirihluti tekna íslenska bankakerfisins kemur erlendis frá og hefur það hlutfall aukist undanfarin ár í takt við vöxt bankanna á erlendum mörkuðum. Bankarnir eru minna háðir sveiflum á einstökum mörkuðum og hafa dreift útlánaáhættu sinni milli landsvæða og atvinnugreina. Í ræðu forstjóra Fjármálaeftirlitsins í janúar 2008 kom fram að útlánaáhætta bankakerfisins 2007 sé í 70% tilvika lítil eða takmörkuð. Einnig telur Fjármálaeftirlitið útlánaáhættu íslensku bankanna vel dreifða milli landa, atvinnugreina, stórra áhættuskuldbindinga, íbúðalána og annarra lána til heimila.

Hlutfall erlendra tekna
– fjórir stærstu bankarnir



Hlutfall erlendra tekna af heildartekjum Glitnis, Kaupþings, Landsbanka og Straums hefur aukist undanfarin ár og nam 57,9% á síðasta ári.



„Íslensku fjármálafyrirtækin hafa flest lítil sem engin tengsl við undirmálslán og eru því að mestu undanskilin beinum áhrifum frá núverandi ólgu á bandarískum húsnæðislánamarkaði.“

Vanskil í sögulegu lágmarki

Vanskil voru um síðustu áramót í sögulegu lágmarki og endurspegla ábyrga stefnu bankanna í útlánastarfsemi sinni. Stórar stöður sem hlutfall af eigin fé þriggja stærstu íslensku bankanna hafa einnig minnkað frá 2003 og námu 100% í árslok 2008 en það hlutfall er langt fyrir neðan 800% lögbundið hámark. Þá hafa bankarnir ýmist litla eða enga stöðu í bandarískum undirmálslánum og eru því að mestu lausir við bein áhrif af ólgunni á bandarískum húsnæðislánamarkaði sem valdið hefur sumum af stærstu fjármálafyrirtækjum heims miklum búsifjum.

> Stoðir íslenska bankakerfisins eru traustar og veita mikilvægt bakland til að standa af sér núverandi ólgu á fjármálamörkuðum.

Hlutfall vanskila af útlánum bankakerfisins



Vanskil sem hlutfall af öllum útlánum voru undir 0.5% í árslok 2007 sem er sögulegt lágmark.

Gengismunur sem hlutfall af heildartekjum



Gengismunur sem hlutfall af heildartekjum hefur farið lækkandi frá 2003.

Bankarnir þrír hafa dregið úr stórum stöðum (e. large exposures) undanfarin ár og minnkað þannig áhættu.

Stórar stöður sem hlutfall af eigin fé þriggja stærstu bankanna



Útlán þriggja stærstu bankanna 2007

– eftir landsvæðum



Útlán þriggja stærstu bankanna 2007

– eftir atvinnuvegum



Bankarnir hafa sterk eiginfjárhlutföll, góða arðsemi, dreifða útlánaáhættu og trausta lausafjárstöðu sem gerir þeim kleift að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar í meira en ár. Undirliggjandi rekstur og stoðir íslenska bankakerfisins byggja því á traustum grunni og veita bönkunum mikilvægt bakland til að standa af sér ólgu á fjármálamörkuðum.

Brandugla
Fimur flugfugl og snöggur þegar á þarf að halda.
Þögull einfari sem helst sést í ljósaskiptum.

Rétt brugðist við aðstæðum

Ísland er ekki eyland í alþjóðlegu fjármálaumhverfi

Eins og að framan greinir hefur verulega kreppt að á fjármálamörkuðum eftir að hin svokölluðu undirmálslán á bandarískum fasteignamarkaði tóku að valda fjárfestum meiri áhyggjum en áður um mitt síðasta ár. Íslenskur fjármálamarkaður hefur ekki farið varhluta af þeirri ólgu sem ríkt hefur á alþjóðlegum mörkuðum enda skiptir þróun þeirra markaða íslensk fyrirtæki mun meira máli en fyrir um áratug síðan.

Skuldatryggingarálag (e. CDS-spreads) hefur hækkað síðan um mitt síðasta ár og aðgengi að fjármagni minnkað. Bent hefur verið á að sennilega hafi það verið lán í óláni fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að hafa árið 2006 þurft að ganga í gegnum þann hreinsunareld sem tortryggni og vantraust á alþjóðlegum fjármálamarkaði getur verið; þau hafi af þeim sökum verið betur búin undir núverandi ástand en ella.

> Sennilega var það lán í óláni fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að hafa árið 2006 gengið í gegnum þann hreinsunareld sem tortryggni og vantraust á alþjóðlegum fjármálamarkaði getur verið.

Bankakreppan 2006

Gjarnan er miðað við að íslenska „bankakreppan“ hafi byrjað þegar matsfyrirtækið Fitch Ratings breytti horfum á lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins í neikvæðar undir lok febrúarmánaðar 2006. Fyrirtækið lýsti áhyggjum sínum af miklum erlendum skuldum hagkerfisins og benti á að kæmi sú staða upp að flæði fjármagns til íslenska bankakerfisins drægist saman gæti það lent í vandræðum. Áður hafði Fitch lýst áhyggjum sínum af útlánaaukningu í íslenska bankakerfinu og sagt hana auka kerfisáhættu í hagkerfinu öllu. Þótt eflaust sé rétt að miða upphaf bankakreppunnar við tilkynningu Fitch hinn 21. febrúar má segja að ýmsar vísbendingar um að harðna tæki á dalnum hafi komið fyrr, því greiningardeildir erlendra banka og greiningarfyrirtæki á borð við Credit Sights höfðu fyrr um veturinn fjallað á neikvæðan hátt um íslensk fjármálafyrirtæki. Þegar Fitch hóf upp raust sína brustu hins vegar flóðgáttir og holskefla neikvæðra erlendra greininga reið yfir íslenskan fjármálamarkað.

Meðal þess sem hinir erlendu greiningaraðilar fundu að voru náin eignatengsl, stundum einnig nefnd krosseignatengsl, á íslenskum hlutabréfamarkaði. Einnig var hið háa hlutfall gengishagnaðar vegna innlenda markaðarins gagnrýnt og sagði Credit Sights það skekkja myndina af rekstrarstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja þar sem arðsemi eigin fjár væri í raun ekki jafn há og afkoma fyrirtækjanna gæfi til til kynna. Þá töldu erlendir gagnrýnendur það áhyggjuefni hversu háð íslenska fjármálakerfið væri erlendu fjármagni og innlán lítill hluti fjármögnunar. Segja má að kjarninn í gagnrýninni hafi endurspeglað skort á upplýsingagjöf íslensku bankanna.

Óvægin gagnrýni að utan

Gagnrýnin að utan var að margra mati óvægin og veltu menn á innlendum markaði m.a. vöngum yfir því hvort hún ætti rætur sínar að rekja til þess að erlendir fjárfestar hefðu tekið skortstöðu gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum og jafnvel krónunni. Slíkur orðrómur var allhávær.

Ekki er ljóst hvað hæft var í orðrómínum. Hvað sem því líður tókst bönkunum að standa umræðuna af sér og endurheimta traust og tiltrú fjárfesta. Vendipunktur í þessari baráttu varð þegar íslensku bankarnir kynntu lausafjárstöðu sína um miðjan mars 2006, nokkuð sem þeir höfðu ekki gert fyrr, og skuldatryggingarálag þeirra hríðféll í kjölfarið.

Miklar framfarir í upplýsingagjöf

Margt breyttist í kjölfar bankakreppunnar 2006. Einn mikilvægasti lærdómur sem hægt var að draga af henni var að góð upplýsingagjöf er gulls ígildi, enda urðu í kjölfarið miklar framfarir í upplýsingagjöf íslenskra útrásarfyrirtækja en umfram allt fjármálafyrirtækja.

Önnur mikilvæg breyting sem leiddi af bankakreppunni var að áhersla var lögð á að draga úr krosseignarhaldi og skýra og skilgreina eignatengsl á betri hátt en áður. Þá var verulega dregið úr vægi hlutabréfa í eignasöfnum fjármálafyrirtækja og um leið dregið úr markaðsáhættu eignasafna, sem erlendir gagnrýnendur höfðu gert sér töluverðan mat úr. Að sama skapi var lögð áhersla á að bæta gæði eignasafna, bæði hvað varðar hlutabréfamarkað og skuldabréfamarkað.

Þá urðu þessir atburðir til þess að fjármálafyrirtækin tóku samsetningu fjármögnunar sinnar til endurskoðunar. Fram að þeim tíma höfðu þau treyst að miklu leyti á heildsölufjármagn, sem undanfarin ár hefur verið mjög ódýrt í sögulegu samhengi, auk þess sem mikið framboð var á fjármagni á evrópskum markaði og lítil ástæða til þess að leita á aðra markaði eftir fé.

Sótt inn á erlenda lánamarkaði

Óróinn á fyrri helmingi ársins 2006 sýndi hins vegar að fjárfestar og greinendur tortryggja fyrirtæki sem treysta mikið á eina uppsprettu fjármögnunar. Eins og nánar verður vikið að voru þetta ábendingar sem íslensk fjármálafyrirtæki tóku til sín og brást við. Áhersla var lögð á að taka lán til lengri tíma og lengja í eldri lánum og dreifa endurgreiðslubyrðinni þannig yfir lengra tímabil. Einnig var áhættudreifing í útlánasöfnum bankanna tekin til endurskoðunar með því að minnka vægi einstakra atvinnugreina í útlánasafni og auka jafnframt landfræðilega dreifingu útlána.

Smæð íslenska markaðarins felur óhjákvæmilega í sér að hin ört vaxandi íslensku fjármálafyrirtæki verða í síauknum mæli að leita á erlenda markaði eftir fjármögnun. Ljóst er að samhliða því eykst áhættudreifing fjármögnunarinnar umtalsvert.

Íslensku bankarnir hafa að undanförnu lagt mikið upp úr því að auka hlutfall innlána í fjármögnun sinni og er það nánast bein afleiðing af bankakreppunni 2006.

Þróun skuldatryggingarálagsins sýnir að beinar aðgerðir bankanna sem gripið var til í því skyni að mæta erlendri gagnrýni höfðu afgerandi áhrif til lækkunar.

Stormasamur tími samfara mikillar athygli fjölmiðla og fjárfesta

Áhersla á föst innlán til lengri tíma

Eitt af „vandamálum“ fjármálafyrirtækja, hér á landi sem annars staðar, er að viðskiptavinir þeirra gera oftar en ekki kröfu um að innlán séu laus til útborgunar um leið og viðkomandi óskar eftir því, en hið sama á ekki við um útlán. Endurgreiðsla útlána fer yfirleitt fram með föstum afborgunum og getur tekið allt að 40 árum hér á landi. Þessi áhættuþáttur er eins og áður segir eðlislægur í bankastarfsemi, þótt unnt sé að hafa áhrif á hversu ríkur hann er.

Ein leið til þess er að freista þess að binda innlánin til lengri tíma þannig að lánardrottnarnir, sem í þessu tilviki eru almennir viðskiptavinir bankanna, eigi ekki kröfu á að fá fé sitt hvenær sem er á sama hátt og bankarnir geta ekki krafist þess að útlán séu greidd upp í heild. Íslensku fjármálafyrirtækin hafa lagt aukna áherslu á þetta erlendis, þar sem þau hafa verið að hasla sér völl og tekið við innlánum á netreikningum. Landsbankinn reið á vaðið í Bretlandi og hinir stóru viðskiptabankarnir hafa fylgt í kjölfarið. Með þessu hefur tekist að auka hlutfall innlána í fjármögnun bankanna verulega og um leið draga úr mikilvægi heildsölufjármögnunar sem, eins og áður segir, var eitt þeirra atriða sem gagnrýnt var í bankakreppunni 2006.

Íslenskur fjármálamarkaður kynntur fyrir erlendum fjárfestum

Íslenski fjármálageirinn hefur þanist út af miklum krafti á undanförnum árum enda mikil eftirspurn eftir því sem hann hefur upp á að bjóða, bæði hér heima og erlendis. Þessari útþenslu fylgir að ráða þarf mikinn fjölda starfsmanna og örum vexti fylgir mikill annar tilkostnaður. Mikil áhersla hefur verið lögð á

Innlánshlutföll



Eftir lækkun 2003-2004 hafa innlánshlutföll bankanna hækkað á ný síðan 2005 og eru nú nærri jafnhá eða hærri en hlutföll annarra norrænna banka.



að kynna íslenskan fjármálamarkað fyrir erlendum fjárfestum, meðal annars með því að bjóða þeim hingað til lands. Þá hefur mikið verið lagt upp úr því að kynna innlendum aðilum starfsemi fjármálafyrirtækjanna erlendis. Samfara öru sjóðsstreymi og miklum hagnaði hafa fjármálafyrirtæki ennfremur látið gott af sér leiða og styrkt margvísleg samfélagsleg málefni.

Öflugt kostnaðaraðhald er ein mikilvægasta stoð hvers fyrirtækis. Fjármálafyrirtæki eru þar engin undantekning. Fyrirtæki sem vaxa ört þurfa stundum að taka eitt skref aftur á bak til þess að taka tvö skref, eða fleiri, áfram og fyrirtæki sem vaxa ört þurfa að hafa getu til þess að bregðast við þegar aðstæður breytast.

Nýjar fjármögnunarleiðir nýttar

Auk þess að geta dregið ört saman í kostnaði hafa íslensk fjármálafyrirtæki sýnt að þau geta brugðist skjótt við breyttum markaðsaðstæðum. Þau hafa byggt útrás sína að hluta til á skjótri ákvarðanatöku án þess þó að slá af öryggiskröfum og hefur straumlínulöguð yfirbygging haft þar mikið að segja. Að undanförnu hafa lánsfjármarkaðir teppst og þá er mikilvægt að sýna hugvitssemi og snör handtök við að leita nýrra fjármögnunarleiða. Þannig hafa íslensku bankarnir aukið innlán erlendis, eins og áður segir, en einnig nýtt sér lokuð skuldabréfaútboð auk þess að gefa út aðrar tegundir skuldabréfa sem eiga greiðari aðgang að fjárfestum við núverandi aðstæður eins og skuldabréf sem breyta má í hlutabréf og sértryggð skuldabréf (e. covered bonds) sem eru tryggð með veði í eignasafni bankans.

> ”Íslensku bankarnir hafa að undanförnu aukið innlán sín erlendis en einnig nýtt sér lokuð skuldabréfaútboð.“

Samruni sparisjóða eðlileg þróun

Sparisjóðum landsins hefur fækkað umtalsvert á liðnum árum vegna mikilla sameininga og samþjöppunar á markaði. Samþjöppun er í raun eðlilegur hluti þróunar fjármálamarkaðarins, í samræmi við það sem gerst hefur víða annars staðar, og verður án efa ekki bundin við sparisjóði til framtíðar þótt þeir hafi leikið aðalhlutverkið síðustu misseri. Sparisjóðirnir eru margir hverjir smáir sem hefur sína kosti og galla. Tilhneyging fjármálamarkaða heimsins hefur frekar verið í þá átt að leita eftir aukinni rekstrarhagkvæmni með því að stækka einingar. Eins og fram kemur annars staðar í þessu riti er Ísland með hæstan fjölda útibúa banka og sparisjóða á Norðurlöndunum í hlutfalli af fólksfjölda. Á meginlandi Evrópu er þetta hlutfall enn lægra en í Skandinavíu. Samruni sparisjóða og aukin áhersla viðskiptabankanna á lækkun rekstrarkostnaðar mun væntanlega styðja við sambærilega þróun hér á landi næstu ár og áratugi.

Á vegum viðskiptaráðherra er starfandi nefnd sem er að endurskoða ákvæði um sparisjóði í lögum um fjármálafyrirtæki. SFF taka þátt í þeirri vinnu. Markmið hennar er að auðvelda sparisjóðum landsins að þróast á sambærilegan hátt og önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði, og geta þannig keppt við þau á samkeppnisgrundvelli. Þá var á síðasta ári stigið skref sem líklegt er að marki mikilvæg spor fyrir sparisjóði á Íslandi til framtíðar, þegar stofnfjáreigendur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykktu síðastliðið haust að breyta sjóðnum í hlutafélag.

Á þessu ári er lokið samruna Sparisjóðs Keflavíkur við Sparisjóð Húnaþings og Stranda og Sparisjóð Vestfjarða, samruna Sparisjóðs Siglufjarðar við Sparisjóð Skagafjarðar, samruna Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð, auk þess sem Sparisjóður Ólafsvíkur hefur sameinast Sparisjóði Keflavíkur. Þá hafa stofnfjáreigendur Sparisjóðs Þórshafnar samþykkt sameiningu við Sparisjóð Keflavíkur en því ferli er ólokið.

Tryggingafélög leggja áherslu á kjarnastarfsemi og kröftuga samkeppni

Hagnaður tryggingafélaga undanfarin ár skýrist fyrst og fremst af góðri afkomu í fjárfestingum á meðan afkoma af tryggingastarfseminni hefur verið síðri. Nú þegar að kreppir á mörkuðum er ljóst að hagnaður af fjárfestingum mun dragast töluvert saman og því er félögunum nauðsynlegt að bæta afkomu tryggingastarfseminnar. Samsett hlutfall tekna og gjalda hefur verið hátt hjá tryggingafélögum hér á landi undanfarin ár og er það í flestum tilfellum töluvert hærra en í þeim löndum sem við Íslendingar miðum okkur gjarnan við.

Undanfarin ár hafa félögin lagt áherslu á að ná rekstarkostnaði sínum niður og orðið vel ágengt. Er rekstrarkostnaður íslensku félaganna sem hlutfall af iðgjaldatekjum nú síst hærri en hjá sambærilegum félögum erlendis. Tjónshlutfallið er hins vegar of hátt í mörgum greinum trygginga.

Kjarnastarfsemin (þ.e. tryggingastarfsemi) er því það sem tryggingafélögin koma til með að einbeita sér að á næstu misserum. Mikilvægt er að ná niður tjónshlutfalli, þ.e. hlutfalli tjónabóta í samsetta hlutfallinu, en óhagstæða þróun þess má sérstaklega rekja til hárrar tjónatíðni í ökutækjatryggingum.

Nokkur íslensku félaganna hafa haslað sér völl erlendis með margvíslegum hætti; í samstarfi við íslenska viðskiptavini sína, með kaupum á erlendum tryggingafélögum og í gegnum samstarf við erlend tryggingafélög eða tryggingamiðlara. Reikna má með hlutdeild erlendra iðgjaldatekna muni á næstu árum aukast verulega og að aðalvöxtur félaganna verði erlendis, sem aftur mun auka áhættudreifinguna í starfsemi þeirra.

Smyrill
Lipur og harðfylginn veiðifugl sem þreytir bráð sína á flugi yfir móa og grundir. Vængjatökin eru hröð og flugið létt.

Fjármálastarfsemi í fremstu röð

Smáríki Evrópu láta til sín taka

Ef Ísland á að skipa sér sess sem öflug fjármálamiðstöð þarf að vinna markvisst að breytingum á starfsumhverfi markaðarins. Ríki sem standa okkur nærri - ríki á borð við Lúxemborg, Sviss og Írland - hafa náð afburðaárangri á þessu sviði undanfarna áratugi. Þau teljast öll til smærri ríkja Evrópu, en hafa ekki látið það hindra sig. Þvert á móti hefur það hvatt þau til dáða.

Svíar hafa nýverið hleypt af stokkunum verkefninu „Fjármálamiðstöðin Stokkhólmur“ (s. „Finansplats Stockholm“). Markmiðið er að árið 2010 verði Stokkhólmur ein helsta fjármálamiðstöð Norður Evrópu. Unnið er að því að sigta út þá þætti sem stjórnmálamenn og fjármálafyrirtæki þurfa að bæta til að koma landinu í fremstu röð á þessu sviði.

Fjármálageirinn hornsteinn heimilanna

Á heimasíðu Finansplats Stockholm segir að fjármálageirinn sé undirstaða alls viðskiptalífs og hagvaxtar í landinu. Hann sé grundvöllur þess að ný fyrirtæki geti sprottið upp, vaxið og dafnað í alþjóðlegri samkeppni. Hann sé einnig hornsteinn heimilanna í landinu, bæði hvað varðar sparnað og fjármögnun stórra útgjaldaliða. Það sem vekur eftirtekt er að hlutdeild fjármálageirans í landsframleiðslu í Svíþjóð er 4%. Sama hlutfall á Íslandi er 10%. Starfsfólk sænska fjármálageirans er um 1% af fólksfjölda, en sama hlutfall á Íslandi er um 3%.

Í skýrslu sem sænska ríkisstjórnin gaf út í febrúar 2008 er gerð úttekt á stöðu sænsks fjármálamarkaðar og hvernig gera megi Stokkhólm að leiðandi fjármálamiðstöð á Norðurlöndum. Fram kemur að Kaupmannahöfn sé líklega helsti keppinautur borgarinnar um þann titil.

Á sínum tíma gerðu sér fáir í hugarlund að Lúxemborg og Írland myndu laða til sín óhemjumikið fjármagn með samkeppnishæfum reglum á sviði fjármálastarfsemi. Á sama hátt búast örugglega fáir við því að litla Ísland eigi raunhæfan möguleika á að láta verulega til sín taka á þessu sviði. Þá staðreynd eigum við að nýta okkur til að ná forskoti.

Ísland sem fjármálamiðstöð

Öflugum fjármálageira fylgir fjöldi starfa fyrir hámenntað starfsfólk, aukin framsækni fyrirtækja í landinu, auknar skatttekjur hins opinbera og aukið fjármagn í umferð. Ávinningurinn af því að styðja við sterka umgjörð um fjármálastarfsemi í landinu er ótvíræður.

Þegar fjárfestar ákveða hvar þeir eigi að ávaxta sitt fé horfa þeir til þess hvar þeir geta notið bestrar ávöxtunar í sem öruggustu umhverfi. Þegar fjármálafyrirtæki ákveða hvar þau skuli setja niður starfsemi horfa þau til þess hvar starfsskilyrðin eru best, meðal annars hvað varðar tæknistig, nálægð við markaði og framboð af hæfu starfsfólki. Ísland á alla möguleika á að staðsetja sig í fremstu röð hvað þetta varðar. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórnvöld og fjármálamarkaðurinn setji upp formlegan vettvang sem hafi þann eina tilgang að vinna að þessu

> Írar, sem settu sína fjármálamiðstöð af stað fyrir 20 árum þegar miklir efnahagsörðugleikar steðjuðu að Írlandi, hafa sagt að lykillinn að árangrinum hafi verið sameiginleg sýn og náið samstarf stjórnvalda og fjármálamarkaðar.

Ísland sem alþjóðleg fjármálamiðstöð

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi frá 2006 er fjöldi ábendinga um hvað þurfi að gera til að Ísland verði aðlaðandi kostur fyrir jafnt innlenda sem erlenda aðila til reksturs fjármálastarfsemi. Víðar en á Íslandi hefur fjármálastarfsemi vaxið fiskur um hrygg síðustu ár. Ríki heimsins eru nú í æ meira mæli að skynja mikilvægi þess að þeirri atvinnugrein séu sköpuð sem best starfsskilyrði. SFF tóku þátt í vinnu við skýrsluna og hafa lagt sig fram um að fylgja eftir hugmyndum sem þar komu fram um hvað þarf til þess að Ísland geti orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð. Horft er til nágrannaríkja, svo sem Írlands og Lúxemborgar, sem hafa náð ævintýralegum árangri á þessu sviði. Miklu skiptir að íslensk stjórnvöld láti kné fylgja kviði og hrindi þessum hugmyndum í framkvæmd.

Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks í fjármálageiranum



Yfir helmingur starfsfólks í fjármálageiranum er með háskólapróf

markmiði. Írar, sem settu sína fjármálamiðstöð af stað fyrir 20 árum þegar miklir efnahagsörðugleikar steðjuðu að Írlandi, hafa sagt að lykillinn að árangrinum hafi verið sameiginleg sýn og náið samstarf stjórnvalda og fjármálamarkaðar.

Svisslendingar endurskoða umgjörð sína

Jafnvel ríki sem hafa lengi verið í fararbroddi eru að betrumbæta umgjörð sína um þessar mundir. Þannig settu Svisslendingar í byrjun þessa árs á laggirnar fastanefnd skipaða fulltrúum stjórnvalda og hagsmunasamtaka fjármálamarkaðar sem marka á framtíð fjármálamiðstöðvarinnar í Sviss, en í því felst m.a. að endurskoða skattareglur fjárfestingarsjóða.

Fjármálamiðstöðvum heimsins er árlega raðað eftir mikilvægi á lista City of London í skýrslu sem nefnist Global Financial Centres. Horft er til fimm þátta; mannauðs, starfsumhverfis, markaðsaðgans, innviða og almennrar samkeppnishæfni. Nýjasta skýrslan kom út í mars á þessu ári og trónir London á toppnum yfir fjármálamiðstöðvar heimsins. Þar á eftir koma New York, Hong Kong, Singapore, Zurich, Frankfurt, Genf, Chicago, Tokyo og Sydney.

Samkeppnin um að komast sem hæst á þessum lista er mikil og t.d. er New York að draga verulega á London milli ára. Áhrif Northern Rock málsins og auknir samgönguerfiðleikar þykja ekki vinna með London. Boðaðar breytingar á skattareglum um erlenda aðila búsetta í Bretlandi hafa þar einnig áhrif.

Enginn ætti að gera sér grillur um að Ísland komist inn á þennan lista á næstu árum. En það datt líka fáum ef nokkrum í hug þegar Lúxemborg og Írland fetuðu sín fyrstu skref í þessum efnum að fjármálastarfsemi ætti eftir að verða helsta undirstöðu atvinnugrein þeirra sem nú skilar samfélaginu ómældum verðmætum.

Æðarfugl
Félagslyndur sjófugl. Flýgur beint, hratt og lágt yfir öldufoldunum og er afbragðs kafari.

Fjármálafyrirtækin og neytendur

Hátt þjónustustig

Íslenskir bankar og sparisjóðir veita fjölbreytta fjármálaþjónustu sem nær meðal annars til ávöxtunar sparifjár, hlutabréfa- og verðbréfaviðskipta, kortaþjónustu, greiðsluþjónustu, fjármálaráðgjafar og lánastarfsemi. Stofnun netbanka hefur aukið aðgengi viðskiptavina að þjónustuleiðum banka og sparisjóða og veitt mikilvæga heildaryfirsýn yfir stöðu fjármála viðskiptavina. Þá veita tryggingafélögin mikilvæga fjármálaþjónustu á sviði trygginga, úrlausnar tjóna, lánaviðskipta og greiðsluþjónustu.

Íslensk fjármálafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum þjónustu sem stenst fyllilega samanburð við það sem almennt tíðkast í öðrum ríkjum. Góður mælikvarði á þjónustustig í fjármálastarfsemi er fjöldi útibúa miðað við fólksfjölda í viðkomandi landi. Því lægra sem hlutfallið er þeim mun betri þjónustu má ætla að hver viðskiptamaður fái, enda sinnir þá hvert útibú færri einstaklingum.

Ísland er í fararbroddi á Norðurlöndunum með 1.971 einstakling á hvert útibú um síðustu áramót, á móti 2.700 - 4.700 á hinum Norðurlöndunum.

Þess má geta að útibú starfrækt í tryggingageiranum á Íslandi voru um 100 í árslok 2007, sem jafngildir því að um 3.198 einstaklingar hafi verið um hverja þjónustueiningu.

Nýsköpun og forvarnir í tryggingageira

Kröftug samkeppni á tryggingamarkaði hefur stuðlað að meiri nýsköpun í þjónustu á síðustu misserum en þekkst hefur undanfarinn áratug. Þannig hafa tryggingafélögin lagt meiri áherslu á að viðskiptavinir geti hagnýtt sér vefinn í tjónaþjónustu, við öflun ráðgjafar um tryggingavernd og kaup á tryggingum. Félögin hafa komið af enn meiri krafti að forvarnarstarfsemi í landinu, allt frá því að taka forystu í umræðu um forvarnir í umferðinni og slysavarnir almennt til víðtækari tillagna um þátttöku í vegagerð í einkaframkvæmd. Þá hafa komið fram ýmsar nýjungar í þjónustu sem munu án efa marka viss þáttaskil, svo sem nýjar tryggingar í tengslum við heilsu, vegaþjónusta o.fl.

Fjöldi viðskiptavina á hvert útibú banka og sparisjóða*



Kortum fjölgar og velta eykst

Íslensk fjármálafyrirtæki bjóða upp á fjölbreytt úrval rafrænnar debet- og kreditkortaþjónustu sem auðveldar innkaup á vöru og þjónustu í öruggu greiðslumiðlunarumhverfi. Rafrænn greiðslumáti gegnum millifærslur netbanka, beingreiðsluþjónustu banka og sparisjóða og greiðslukortanotkun hefur dregið úr notkun seðla og myntar undanfarin ár.

Virk kort teljast þau kort sem raunverulega eru notuð til greiðslumiðlunar á hverju tímabili. Þótt velta og færslufjöldi á hvert virkt kort hafi haldist nokkuð stöðug frá 2001 hefur velta kredit- og debetkorta aukist úr rúmum 450 milljörðum króna 2001 í um 700 milljarða 2007 í takt við fjölgun virkra korta og minni notkunar á öðrum greiðslumiðlum. Landsmenn reiða sig því í auknum mæli á rafrænar lausnir banka og sparisjóða við greiðslu reikninga og kaup á vöru og þjónustu.



Velta kredit- og debetkorta hefur aukist jafnt og þétt frá 2001 og nam á síðasta ári um 700 milljörðum króna.



Velta á hvert virkt kort hefur haldist nokkuð stöðug frá nóvember 2006 til febrúar 2008.

Fjöldi virkra debetkorta hefur aukist um rúm 5% frá nóvember 2006 til febrúar 2008 meðan fjöldi virkra kreditkorta jókst um 14% á sama tímabili.

Fjöldi virkra korta



„Landsmenn reiða sig í auknum mæli á rafrænar lausnir banka og sparisjóða við greiðslu reikninga og kaup á vörum og þjónustu.“

Færslufjöldi á hvert virkt kort hefur verið nokkuð stöðugur frá nóvember 2006 til febrúar 2008.

Færslufjöldi á hvert virkt kort



Björk Þorleifsdóttir, Skotland

Þrjár ferðir í bankann til að stofna reikning

Björk Þorleifsdóttir stundaði framhaldsnám í sagnfræði við háskólann í St. Andrews í Skotlandi. Hún segir sína reynslu af bönkum í Skotlandi þannig að hún hafi frekar kosið að nýta þjónustu íslensku bankanna þótt hún væri á erlendri grundu.

„Bankarnir í Skotlandi eru frekar slappir að mínu mati í samanburði við íslenska banka,“ segir Björk. „Í rauninni var reynsla mín af skriffinnsku skosku bankanna svo slæm að ég tók þá ákvörðun að nota nær eingöngu íslenska VISA-kortið mitt til helstu nauðsynja og fór helst aldrei inn í skoskan banka nema í algerri neyð. Nýtti mér heldur íslenska heimabankann,“ bætir hún við.

Björk segir að þegar hún hafi hafið námið hafi hún nánast verið skikkuð af skólanum til þess að opna reikning í breskum banka þar sem hún fékk laun frá skólanum. Hún segir jafnframt að oft hafi verið erfitt að fá skýr svör. „Ég lenti ítrekað í því að þurfa að fara á milli Péturs og Páls í banka og í skóla þegar þessi reikningur var opnaður til að ná í hin og þessi vottorð um skólavist, vegabréf og fleira. Í stað þess að labba inn í banka og opna reikning þurfti ég að heimsækja bankann þrisvar sinnum í þessum tilgangi.“

Öruggur viðskiptamáti

Stór hluti millifærslna fjármuna fer nú fram með rafrænum hætti, með notkun greiðslukorta og gegnum netbanka og því er mikilvægt að huga að auknu öryggi rafrænnar fjármálaþjónustu. Fjöldi virkra netbanka árið 2007 nam um 317 þúsundum sem er hér um bil tvöföldun síðan 2003. Mikið hefur verið lagt upp úr netöryggi og hafa hefðbundin úrræði á borð við notendanöfn og lykilorð lengst af verið nýtt í því sambandi.

Innleiðing svonefndra auðkennislykla, sem hófst undir árslok 2006, kom til viðbótar áðurgreindum öryggisráðstöfunum. Verkefnið, sem er samstarfsverkefni allra íslenskra banka og sparisjóða, byggir á því að notendur fá í hendur sérstakan búnað

Fjöldi virkra netbanka á Íslandi



Notkun netbanka hefur næstum tvöfaldast milli 2003-2007.

Fjöldi tékka og debetkortafærslna 1993-2007



Kort hafa tekið nær alfarið við af tékkum á Íslandi á rúmum áratug.

Magali Mouy, Frakkland

Mun minni skriffinnska hér á landi

Magali Mouy er fædd og uppalin í Frakklandi en býr og starfar á Íslandi og hefur íslenskan ríkisborgararétt. Þegar hún ber saman bankaþjónustu hér á landi og í Frakklandi segir hún íslensku bankana mun betri.

„Eitt af því sem mér líkar mjög vel er hversu margir starfsmenn eru í íslensku bönkunum þannig að biðin verður aldrei mjög löng. Þá þykir mér töluverður munur á netbönkunum hér og í Frakklandi. Hér get ég skoðað yfirlit, millifært og greitt reikninga en í Frakklandi get ég aðeins skoðað yfirlit undanfarinna 30 daga en vilji ég millifæra þarf ég að óska eftir því við bankann að reikningur þess sem á að fá peningana sé skráður inn á notendaprófíl minn og það getur tekið þó nokkurn tíma," segir Magali.

Hún segir jafnframt að við lántökur sé skriffinnskan mun minni hér á landi en í Frakklandi og reyndar almennt í bankaviðskiptum sé skriffinnskan minni hér. Þá sé mun auðveldara að dreifa greiðslukortareikningum og fleira í þeim dúr.

(auðkennislykilinn) sem samskráður er við kennitölu viðkomandi í gegnum heimasíðu netbankans. Sérstök reikniaðgerð, sem bæði er til staðar í búnaði notandans og á þeim netþjóni sem geymir samskráningu hans við kennitöluna, er notuð til að sannreyna heimild viðkomandi til innskráningar. Með innleiðingu þessarar tækni er komið í veg fyrir að tölvuþrjótar, sem komist hafa yfir hefðbundin notendanöfn og lykilorð með ólögmætum hætti, komist inn í netbanka viðkomandi.



Rafræn skilríki

Nýjasta viðbótin við netöryggi eru rafræn skilríki sem eru alhliða öryggisúrræði fyrir notendur rafrænnar þjónustu. Þeim er ætlað að leysa af hólmi notendanöfn, lykilorð og öryggislyklana þegar fram í sækir og verða fyrst um sinn innleidd sem hluti af nýjum debetkortum á árinu 2008. Uppsetning rafrænnra skilríkja krefst kortalesara sem tengist við tölvu notandans (sumar tölvur og lyklaborð eru þegar með lesarana innbyggða). Rafræn skilríki munu veita aðgang að margskonar netþjónustu og persónutengdum upplýsingum, virka sem auðkenning inn á netbankana og gera rafrænar undirskriftir mögulegar fyrir ýmis opinber skjöl, umsóknir og millifærslur fjármuna. Rafræn skilríki (auðkenning og undirskriftir) munu jafnframt auka rekjanleika rafrænna aðgerða, stuðla að heiðarlegum samskiptum á netinu og spara viðskiptavinum ómældan tíma og fyrirhöfn.

Friðrik Weisshappel, Danmörk.
Útibússtjórinn þekkti mig ekki

Friðrik Weisshappel er einn eigenda The Laundromat Café kaffihúsakeðjunnar í Kaupmannahöfn. Hann segir danska bankakerfið mun tregvirkara en það íslenska, t.d. hvað varðar millifærslur sem á Íslandi gerast í rauntíma en geti tekið allt að þremur dögum í Danmörku eigi að færa peninga á milli banka. „Þetta lýsir því hvað Danir eru aftarlega á merinni," segir Friðrik en hann segir jafnframt að í Danmörku sýni stóru bankarnir meðalstórum viðskiptavinum ekki nokkurn minnsta áhuga. „Ef þú fellur ekki að þeirra þörfum færðu ekki einu sinni aðgang að þjónustufulltrúa," segir hann og bætir við: „Þegar ég var að stofna fyrirtækið fékk ég lánsvilyrði frá íslenskum banka og mætti með það og vegabréfið upp á vasann í Nordea til þess að stofna reikning svo hægt væri að færa féð á milli. Útibússtjórinn neitaði hins vegar að opna reikning þar sem hann þekkti mig ekki. Viðskiptafélagi minn, sem var með í för, átti hins vegar debetreikning í bankanum og þá var auðsótt mál að leggja þar inn. Við höfum nú fært öll okkar viðskipti yfir í smærri banka. Þeir sinna okkar þörfum og þjónusta okkur mun betur en stóru bankarnir," segir Friðrik.

Dana Magnúsdóttir, Svíþjóð
Þjónustugjöldin hærri í Svíþjóð

Dana Magnúsdóttir stundaði nám í sameindatölvunarlíffræði við háskólann í Skövde í Svíþjóð. Hún segir reynslu sína af bankaviðskiptum þar í landi mjög svipaða og hér á Íslandi. „Viðmótið var mjög þægilegt hjá starfsfólki bankans sem við skiptum við og yfirleitt var það boðið og búið að hjálpa til eins og mögulegt var," segir Dana.

Hún segir þjónustustig sænsku bankanna hafa verið mjög hátt miðað við það sem hún hefur heyrt frá öðrum löndum en miðað við það sem við þekkjum hér á Íslandi hafi það verið nokkurn veginn það sama. „Þjónustugjöld sænsku bankanna voru þó tiltölulega mikið hærri en gerist hér á Íslandi. Það kostaði til dæmis 50 sænskar krónur að greiða einn greiðsluseðil í sænskum banka auk þess sem gjaldeyriskaup og – sala voru mun dýrari en hér gerist. Mér var sagt að ástæðan væri sú að með þessu vildu þeir færa viðskiptin yfir í netbankana til þess að draga úr útibúakostnaði," segir Dana.

„Nýjasta viðbótin við netöryggi eru rafræn skilríki sem ætlað er að leysa notendanöfn, lykilorð og öryggislyklana af hólmi þegar fram í sækir."

SFF – í þágu samfélagsins

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög SFF eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur og kortafélög.

Meginverkefni SFF eru að tryggja samkeppnishæf starfsskilyrði fyrir fjármálafyrirtæki á Íslandi og vera upplýsingaveita um íslenska fjármálageirann. SFF halda úti ýmsum sérfræðihópum fulltrúa aðildarfélaga, sem hafa það hlutverk að leggja línur hvað varðar afstöðu fjármálageirans til laga og reglna sem samtökin fá send til umsagnar, móta afstöðu til mála í vinnslu hjá ESB og alþjóðastofnunum og taka að eigin frumkvæði upp mál sem geta varðað íslensk fjármálafyrirtæki miklu.

Mikilvægi greiðs aðgengis erlendra aðila að upplýsingum um stöðu íslensks fjármálageira er sífellt að verða meira, og SFF ætla sér að sinna því hlutverki vel sem og að fræða innlenda aðila um mikilvægi fjármálageirans fyrir íslenskt samfélag

Ársritið er gefið út í apríl 2008.

Aðildarfélög SFF

Askar Capital hf.
Avant hf.
Borgun hf.
Byr sparisjóður
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.
Glitnir banki hf.
Icebank hf.
Íslensk endurtrygging hf.
Íslensk verðbréf hf.
Kaupþing banki hf.
Kaupþing líftryggingar hf.
Landsbanki Íslands hf.
Líftryggingafélag Íslands hf
Lýsing hf.
MP Fjárfestingarbanki hf.
Saga Capital hf.
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
SP Fjármögnun hf.
Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Höfðhverfinga
Sparisjóður Mýrasýslu
Sparisjóður Norðfjarðar
Sparisjóður Ólafsfjarðar
Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. hf.
Sparisjóður Siglufjarðar
Sparisjóður Strandamanna
Sparisjóður Suður-Þingeyinga
Sparisjóður Svarfdæla
Sparisjóður Vestmannaeyja
Sparisjóður Þórshafnar
Sparisjóðurinn í Keflavík
Spron Verðbréf
Straumur hf.
Tryggingamiðstöðin hf.
Valitor hf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
VBS fjárfestingarbanki hf.
Vörður tryggingar hf.

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA